Öldungaráð Kópavogsbæjar

Kópavogi, 14. mars 2023

Efni: Viðhorfskönnun meðal eldri borgara í Kópavogi sem annað hvort borða hádegisverð í félagsmiðstöðvunum 2022 og þeirra sem fá heimsendan mat.

Framkvæmdar voru tvær þjónustukannanir meðal eldri borgara í Kópavogi varðandi annarsvegar mat sem boðið er uppá í félagsmiðstöðvunum og hinsvegar heimsendan mat í gegnum heimaþjónustu.

Heimsendur matur: Hringt var úr símaveri Gallup í 153 einstaklinga á tímabilinu 17. til 28. október 2022. Það eru allir notendur sem eru skráðir með heimsendan mat í Kópavogi og því allt úrtakið. Fjöldi svara var 78 eða 51%.

Matur í félagsmiðstöðvum: Starfsmenn félagsmiðstöðva aðstoðuðu notendur við að svara spurningalista í gegnum spjaldtölvur dagana 14.,21. og 28. október. Þýðið var allir notendur félagsmiðstöðva í Kópavogi en úrtakið er óljóst þar sem öllum sem mættu í félagsmiðstöðvarnar á þessum tíma var boðin þátttaka en ekki haldið sérstaklega utanum fjölda þeirra sem afþakkaði þátttöku. Fjöldi svara var 96 og því svarhlutfall óljóst.

Til þess að stikla á stóru varðandi niðurstöður varðandi heimsenda matinn þá komu niðurstöður könnunarinnar vel út. Þá finnst 87% svarenda skammtastærðin passleg og tæp 73% þykir maturinn alla jafna mjög hollur eða hollur. Aðeins 2,5% telja matinn óhollan. Varðandi bragð þá þykir tæpum 67% maturinn bragðgóður og mjög bragðgóður. 3,9% finnst maturinn bragðvondur og tæp 30% finnst hann hvorki góður né vondur. Varðandi grænmeti í boði með matnum þá finnst um 57% vera nóg í boði en tæp 42% finnst það megi auka við það. Meirihluti svarenda er ánægt með umbúðirnar og afhendingartímann en þeir sem eru óánægðir er undir 10% svarenda.

Helmingur svarenda var á aldursbilinu 80-89 ára eða um 53% og eru flestir í póstnúmerum 200 og 201 en aðeins tæp 18% í póstnúmeri 203.

Okkur lék forvitni á að vita hvort fólk væri að fá heimsendan mat vegna þess að það treysti sér ekki í félagsmiðstöðvarnar og vildum reyna að komast að því hver ástæðan væri. 14% segjast frekar vilja fara í félagsmiðstöðvarnar og 5% vita ekki hvort þau myndu vilja það frekar. Það eru því um 20% svarenda sem gætu hugsað sér að fara í félagsmiðstöðvarnar en af þeim sögðust 27% ekki hafa líkamlega getu og 80% merktu við valkostinn annað og þar kom í ljós að ástæðan er að ekki er boðið uppá helgaropnun.

Viðhorfskönnunin sem gerð var í tengslum við matinn í félagsmiðstöðvunum kom einnig vel út og eru niðurstöður mjög svipaðar. 90% þeirra sem svöruðu voru ánægð eða mjög ánægð með matinn og svipað hlutfall sem segir matinn bragðgóðan. Helmingur svarenda eða um 55% segjast borða daglega í félagsmiðstöðunni og rúm 22% borða þar 4-5 sinnum í viku. Aldursbilið var svipað og meirihluti svarenda á aldrinum 80-89 ára. Flest svörin bárust úr Gullsmára eða rúm 42%, 26% frá Gjábakka og 32% frá Boðaþingi. Þess ber að geta að ekki er um sama mat að ræða í öllum þremur félagsmiðstöðvum en Gullsmári og Gjábakki fá sendan

Skjal sótt af '0000000000' dags: 16.11.2026

mat frá Veislulist á meðan kokkur er starfandi í Boðanum. Svörin voru ekki krosskeyrð til að finna út hlutfall ánægju niður á hverja félagsmiðstöð.

Yfir heildina litið sést á niðurstöðum að almenn ánægja ríkir með matinn sem boðið er uppá og er það í samræmi við niðurstöður þjónustukönnunar um heimsendan mat 2021. Til viðbótar spurði lýðheilsufræðingur Kópavogsbæjar þátttakendur um lýsis-og bætiefnanotkun og kom í ljós að aðeins um helmingur svarenda tekur lýsi sem dæmi. Það eru niðurstöður sem hægt er að vinna með og vonandi auka hlutfall þeirra sem taka lýsi.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Katrín María Lehmann
Verkefnastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1. Viðhorfskönnun meðal eldri borgara í Kópavogi sem fá heimsendan mat. Heimsendur matur – nóvember – 2022 – Niðurstöður.
Fylgiskjal 2. Viðhorfskönnun meðal eldri borgara í Kópavogi sem borða hádegisverð félagsmiðstöðvum. Matur í Félagsmiðstöðvum – nóvember 2022 – Niðurstöður.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 16.11.2026